Alþingi við Austurvöll
Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa
b.t. Hildar Edwald

sent í e-mail: hildure@althingi.is

Reykjavík, 19. október 2021

**Efni: Umsögn um kærur vegna Alþingiskosninga er fram fóru 25. september sl.**

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður vísar til bréfs Alþingis er barst nefndinni í tölvupósti 14. þ.m. Í bréfinu er athygli yfirkjörstjórnar vakin á framkomnum kærum vegna nýafstaðinna Alþingiskosninga og veitt færi á að koma á framfæri ábendingum vegna þeirra í síðasta lagi þann 19. þ.m. Yfirkjörstjórn hefur kynnt sér kærur þær er birtar eru á vef Alþingis og óskar að koma á framfæri atriðum er snerta tiltekið atriði varðandi framkvæmd kosninganna í kjördæminu.

Í kæru Katrínar Oddsdóttur, dags. 8. þ.m., er vikið að meðferð utankjörfundaratkvæða í Reykjavíkurkjördæmi norður og m.a. vísað til skýrslu umboðsmanns Pírata í kjördæminu, er hann mun hafa komið á framfæri við landskjörstjórn og sem yfirkjörstjórn hefur nú kynnt sér. Þau atriði í skýrslu umboðsmannsins er varða Reykjavíkurkjördæmi norður lúta að meðferð utankjörfundaratkvæða er bárust yfirkjörstjórn frá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 73. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. Þess má geta að umboðsmaðurinn sendi framangreinda skýrslu sína ekki til yfirkjörstjórnar.

Í 4. mgr. 73. gr. laganna er mælt fyrir um að í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn sé kjörstjórninni heimilt að hefja flokkun atkvæða, sbr. 1. mgr. ákvæðisins, daginn fyrir kjördag þannig að atkvæðisbréf verði afhent í rétta kjördeild á kjördag. Framkvæmd þessa ákvæðis hefur verið sú að daginn fyrir kjördag hafa starfsmenn yfirkjörstjórnar sótt innsiglaða atkvæðakassa til sýslumanns, opnað þá í Ráðhúsi Reykjavíkur og hafist handa um flokkun atkvæðisbréfanna niður á einstakar kjördeildir. Atkvæðisbréfin eru síðan flutt í kjördeildirnar að morgni kjördags og meðhöndluð þar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 73. gr. laganna.

Fyrir nýliðnar Alþingiskosningar lá fyrir að fjöldi greiddra atkvæða utan kjörfundar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu væri talsvert meiri en fyrir fyrri kosningar. Varð raunin sú, er atkvæði höfðu verið talin aðfaranótt 26. september, að talin utankjörfundaratkvæði voru ríflega 30% talinna atkvæða. Var fyrirséð að vinna við flokkun atkvæðisbréfanna fyrir kjördag myndi, yrði

ekki gerð breyting á tíðkuðu verklagi, standa yfir það lengi að vart yrði mögulegt að koma atkvæðisbréfunum í kjördeildir á þeim tíma sem nauðsynlegt er til að unnt sé að vinna með þau þar. Var því tekin ákvörðun um að í þetta sinn skyldi flokkun atkvæðisbréfanna hefjast á miðvikudegi í stað föstudags. Í því sambandi var haft í huga að í kosningalögum nr. 112/2021, sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor og munu taka gildi 1. janúar nk., er tekið fram í 4. mgr. 92. gr. að yfirkjörstjórn sé heimilt að hefja flokkun atkvæðisbréfa skv. 1. mgr. tímanlega fyrir kjördag þannig að þau verði afhent í rétta kjördeild á kjördag. Rétt er að fram komi að á fundi er fulltrúi yfirkjörstjórnar átti með umboðsmönnum framboðanna miðvikudaginn 22. september upplýsti fulltrúinn fundarmenn um verklag við umrædda flokkun atkvæðisbréfa.

Er starfsmaður yfirkjörstjórnar sótti atkvæðakassa til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu var Jón Þór Ólafsson, umboðsmaður Pírata í kjördæminu, viðstaddur afhendingu kassanna þar, setti á þá innsigli, fylgdist með því þegar þeir voru færðir inn í herbergi á 3. hæð í norðurhúsi Ráðhúss Reykjavíkur og sannreyndi þar innsigli sín. Þetta gerðist á miðvikudegi og í tvígang á föstudegi. Einnig innsiglaði umboðsmaðurinn dyr að herbergjunum. Hann var einnig viðstaddur þegar starfsmaður yfirkjörstjórnar rauf innsigli á herbergjunum, þ.e. í öll skipti nema eitt. Umboðsmanni hafði verið gert viðvart um rof innsigla það sinn, en í stað þess að vera viðstaddur fékk hann senda mynd af innsiglunum órofnum, bæði innsigli kjörstjórnar og innsigli umboðsmanns. Í það skipti átti starfsmaður samskipti við umboðsmanninn í gegnum SMS sjá meðfylgjandi skjáskot. Að öðru leyti fóru samskipti við umboðsmanninn fram í síma. Ljósmyndir af innsiglum að umræddum dyrum og skjáskot af sms samskiptum má sjá á meðfylgjandi ljósmyndum.

Tekið skal fram að aðgangi að norðurhúsi Ráðhússins er stýrt með læstri hurð á fyrstu hæð, þangað inn fer enginn nema hafa til þess aðgangskort. Auk þess eru öll herbergi norðan megin í byggingunni útbúin samskonar aðgangsstýringum, sams konar aðgangskort þarf til að komast þar inn. Aðgangskortin eru einungis á hendi starfsfólks í Ráðhúsinu og kjörinna fulltrúa í borgarstjórn.

Væntir yfirkjörstjórn þess að skýringar þessar varpi ljósi á að meðferð utankjörfundaratkvæðanna af hálfu yfirkjörstjórnar var að öllu leyti í samræmi við fyrirmæli kosningalaga.

Virðingarfyllst,

f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður

Erla S. Árnadóttir

Erla S. Árnadóttir, oddviti

Hjálagt:

- ljósmyndir af innsiglum
- skjáskot af sms samskiptum


INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
K00036906
OPENED



INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
Kjörstjórn/Kjörstjóri
K000036906
LABELLOCK
SECURITY SEAL
OPENED


INNSIGLI KJÖRSTJÓRNAR KJÖRSTJÓRA
KC00036905
SECURITY SEAL


INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
Kjörstjórn/Kjörstjóri
K00036907


K00037001
INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
LABELLOCK
SECURITY SEAL


K00037001
INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
LABELLOCK
SECURITY SEAL


INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
Kjörstjórn/Kjörstjóri
K00037001


K00037002
INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA
LABELLOCK
SECURITY SEAL


K00037003
INNSIGLI-KJÖRSTJÓRNAR-KJÖRSTJÓRA

To: +354 697 3253

Details

SMS with 697 3253
24/09/2021, 07:36

Góðan dag!

Ég þarf að rjúfa innsigli í Ráðhúsi áður en ég fer í til sýslumanns. Verð þar kl 8. Ef þú kemst ekki til að vera viðstaddur þá sendi ég þér mynd af innsiglinum.
- Páll Hilmarsson

Ok takk

